

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2022  
Tilvísun: OS2022020002/22.2  
Verknúmer: 3051380

## **Efni: Baðhús og baðlón í Hveradölum umhverfismatsskýrsla umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 28. janúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna áforma um baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi, með vísan til 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021, skal í umsögnum umsagnaraðila koma fram hvort þeir hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði sínu, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þeir telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá skulu leyfisveitendur gera í umsögn sinni grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Aðkoma Orkustofnunar að fyrirhugaðri framkvæmd snýr að lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (auðlindalaga), en skv. 6. gr. laganna er nýting auðlinda, þ.m.t. grunnvatns og jarðhita, háð leyfi Orkustofnunar.

Umfjöllun Orkustofnunar um erindi Skipulagsstofnunar lýtur því að þessari efnisafmörkun og miðast við auðlindaþátt framkvæmdarinnar, nýtingu kalds grunnvatns og jarðhitavatns.

Samkvæmt matsskýrslu er áformað að neysluvatn komi úr nýrri borholu sem staðsett sé í austurhlíðum Reykjafells og verði hún nýtt bæði fyrir kalt vatn og sem upphitað neysluvatn (bls. 25). Ekki er tilgreint hver sé áformuð upptaka vatns né á hvers vegum sú nýting verður. Orkustofnun er ekki kunnugt um að fyrir hendi sé nýtingarleyfi til þessarar áformuðu vatnsnýtingar, sbr. 6. gr. auðlindalaga. Orka náttúrunnar hefur nýtingarleyfi til töku grunnvatns á afmörkuðu svæði í Engidal, til nota á virkjunarsvæði Hellisheiðarvirkjunar (sjá leyfi OS-2018-L005-01). Ekki verður séð af framangreindri lýsingu að hér sé um sama vatnstökusvæði að ræða, auk þess sem fyrirhugað baðlón er utan við virkjunarsvæði skv. virkjunarleyfi Hellisheiðarvirkjunar (leyfi OS-2011-L006-01), og aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss. Verði áformuð neysluvatnstaka á vegum framkvæmdaraðila ber honum, með vísan til framangreindra laga, að sækja um nýtingarleyfi þar á til Orkustofnunar.


Baðvatnið verður að uppruna skiljuvatn úr Hellisheiðarvirkjun og laugarvatni frá baðlóni verður skilað inn í niðurdælingarkerfi Hellisheiðarvirkjunar og dælt niður í jarðhitakerfið ásamt öðru skilju- og þéttivatni virkjunarinnar. Fram kemur að losun verði í samræmi við núgildandi nýtingarleyfi virkjunarinnar (leyfi OS-2015-L026-01). Í kafla 4.2 kemur fram að mögulega verði gerð tjörn til skrauts, en skv. 5. gr. nýtingarleyfis er yfirborðslosun óheimil nema vegna prófana á holum til skemmri tíma, vegna stórfelldra bilana í búnaði virkjunar eða vegna annarra atvika. Gera þarf grein fyrir hvort affallsvatn úr slíkri tjörn yrði losað með sama hætti og annað affallsvatn frá lóninu eða hvort það færi á yfirborð. Í sama kafla kemur fram að afrennsli lónsins verði veitt í tank þar sem botnfall og óhreinindi úr lóninu verði síuð frá áður en vatni er skilað til virkjunarinnar, en ekki er fjallað um hvort breytt

efnainnihald vatnsins geti haft áhrif á niðurdælingu vatnsins. Þá er ósamræmi milli töflu 4.1 og töflu 4.2 um hve miklu skiljuvatni verði aflað fyrir lónið. Í töflu 4.1 kemur fram að rennsli skiljuvatns verði allt að 260 l/s, en í töflu 4.2 að það verði allt að 350 l/s miðað við stærstu útfærslu á lóninu. Í kafla 4.2.2 kemur fram að hitastig affallsvatnsins verði kaldara þegar því verður dælt niður og er talið ólíklegt að niðurdæling þess muni breyta áhrifum niðurdælingar á jarðhitageymi og skjálftavirkni á Hellsheiði og er frekar fjallað um þetta í kafla 8.10. Orkustofnun bendir á að í samræmi við reglur OS-2016-R01-01, um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá vegna losunar á vökva í jörðu um borholur, gæti verið ástæða til að endurskoða frummat á jarðskjálftahættu í ljósi þess hversu mikið magn vökvans verður með lægra hitastig en áður og forsendur fyrra frumrats því breyttar.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu vegna baðhúss og baðlóns í Hveradölum.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um nýtingarleyfi, komi til þess. Framangreind umsögn miðast við gögn þau sem fylgdu með erindi Skipulagsstofnunar. Komi fyrirhuguð framkvæmd til lögformlegrar afgreiðslu Orkustofnunar á einhverju stigi áskilur stofnunin sér ennfremur rétt til að kalla eftir frekari gögnum, m.a. í ljósi framangreindra ábendinga og niðurstöðu úr umhverfismati framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Þorlákshöfn, 15. mars 2021

Málsnúmer: 2203016

### Umsögn um umhverfismat baðhúss og baðlóns í Hveradölum.


Hveradalir ehf. hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar umhverfismatsskýrslu um baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun fer fram á að Sveitarfélagið Ölfus gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisaðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Sveitarfélagið Ölfus gerir ekki athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu, hvorki gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu skýrslunnar. Ekki er talin ástæða til að gera neinum atriðum frekari skil. Sveitarfélagið er fer með skipulagsvald á svæðinu og gefur út starfs- og byggingarleyfi eftir því sem við á.

Fyrir hönd skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss

  
Gunnlaugur Jónsson, skipulagsfulltrúi Ölfus

Skipulagsstofnun  
bt. Jóns Ágústssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) [jonagust@skipulag.is](mailto:jonagust@skipulag.is)

Dags. 15.03.2022  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2019-0227  
0.5.1

Með erindi dags. 28. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfismatsskýrslu varðandi framkvæmd við baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Samkvæmt matsskýrslunni hafa orðið umtalsverðar breytingar á framkvæmd þeirri sem Veðurstofan fékk til umsagnar og svaraði með bréfi, dags. 10. júlí 2019, t.d. er ekki er lengur stefnt að því að reisa hótél í Stóradal.

### **Náttúruvá**

Ekki er í skýrslunni rætt um stærri skjálfta sem hafa verið geta orðið á svæðinu. Staðsetning baðlónsins er á mótum skjálftabelta Reykjanesskagans, Suðurlandsbrotabeltisins og Vestara gosbeltisins (Hengilssvæði) og í nágrenni þess geta orðið skjálftar um og yfir Mw6 að stærð. Þá hafa stórir sögulegir skjálftar orðið vestarlega í Ölfusinu.

#### *Stærri skjálftar á Hellisheiði og í nágrenni frá 1928:*

Upphafstími	Breidd	Lengd	Mw	Staður
1928-12-02T22:52:30	64.0	-21.30	5,12	Hellisheiði
1928-12-06T15:22:30	64.0	-21.30	5,12	Hellisheiði
1931-08-23T15:53:30	64.0	-21.37	5,45	Hellisheiði
1935-10-09T22:08:30	64.0	-21.35	5,94	Hellisheiði
1935-10-14T10:30:30	64.0	-21.35	5,12	Hellisheiði
1955-04-01T17:26:30	64.0	-21.28	5,12	Hellisheiði
1955-04-01T18:41:31	64.0	-21.28	5,66	Hellisheiði
1998-06-04T21:36:56	64.04	-21.29	5,43	Við Litla-Skarðsmýrarfjall
1998-11-13T10:38:37	63.96	-21.35	5,15	Við Suður-Hálsa, suðvestan við Skálafell í Ölfusi

Stærðir (Mw) og staðsetningar eru úr ICEL-NMAR skjálftalista (Kristján Jónsson o.fl. (2021)). Breiddargráða er ónákvæm fram eftir 20. öld, getur mögulega munað um 0,5° í breidd eða meira.

Kröfur um hönnun mannvirkja á þessu svæði eru þær hæstu sem finnast á landinu og verður litlu bætt þar við. Núverandi hönnunarforsendur eru nægjanlegar, sér í ljósi reynslunnar af áhrifum stóra jarðskjálftans í Ölfusi 2008 á eldri byggingar, og mun strangari kröfum til mannvirkja í dag. Þetta gildir fyrir hristing af völdum jarðskjálfta.

Jarðhnik á yfirborði af völdum jarðskjálfta, þ.e.a.s. tilfærslur á yfirborði sem tengjast stærri jarðskjálfta sem gæti orðið á þessum slóðum, eru líklegastar á þeim misgengjum sem nú eru til staðar. Fá dæmi eru um mannvirki sem byggð eru yfir slíkar sprungur, en þjónustumiðstöðin í Hveragerði er ágætt dæmi um slíkt mannvirki. Þar var grunnurinn styrktur sérstaklega yfir misgengið og hæð hússins lækkuð (úr áætluðum fimm hæðum í eina). Talið er fullvíst að það hafi minnkað mjög áhættuna á tjóni í stóra jarðskjálftanum í Ölfusi 2008, því þótt ekki hafi orðið tilfærslur á því misgengi í þeim skjálfta, þá er eigintíðni lægri byggingar mun hærri en eigintíðni þeirra hraðapúlisa sem verða í nærsviði sterkra jarðskjálfta, og því verður minni samsveiflun. Slíkt þyrfti jafnan að hafa í huga, fyrirhuguð stærð á mannvirkjum er lítil á hæðina, en varðandi umfang á jörðu niðri þarf að huga að misgengjum og grundun sérstaklega.

Ekki eru gerðar athugasemdir við umfjöllun um ofanflóð.

*Heimild:*

Kristján Jónasson, Bjarni Bessason, Ásdís Helgadóttir, Páll Einarsson, Gunnar B. Guðmundsson, Bryndís Brandsdóttir, Kristín S. Vogfjörð & Kristín Jónsdóttir (2021). A harmonised instrumental earthquake catalogue for Iceland and the northern Mid-Atlantic Ridge. *Natural Hazards and Earth System Sciences*, 21 (7), 2197-2214.

### **Niðurdæling**

*Í inngangskafli er tiltekið að framkvæmdaraðili sé félagið Hveradalir ehf. Í samningi um kaup á skiljuvatni er tiltekið að kaupandi þurfi að tryggja að förgun vatnsins sé með þeim hætti að vinnslusvæði seljanda hljóti ekki skaða af og Orka náttúrunnar (ON) og Hveradalir ehf. vinni saman að útfærslunni. Þá kemur fram að ON muni sjá um förgun jarðhitavatns með niðurdælingu í jarðhitakerfið ásamt öðru skilju- og þéttivatni virkjunarinnar.*

Nokkuð óljóst er enn hver útfærslan eigi að vera, þ.e. hvort skila eigi vatninu sömu leið, inn í núverandi niðurdælingarkerfi Hellisheiðarvirkjunar, þannig að því sé dælt niður í jarðhitakerfið ásamt öðru skilju- og þéttivatni virkjunarinnar eða hvort nýjar holur verði boraðar. Þá er útfærsla á lagnaleiðum ekki nægilega skýr (sjá kafla 4.1.5 *Lagnir*).

Í ljósi þess að samningur við ON virðist ekki liggja fyrir og ekki er vísað í hann sem slíkan telur Vedurstofan mikilvægt að ON leggi fram yfirlýsingu þessa efnis. Í slíkri yfirlýsingu kæmi m.a. fram að ON taki að sér þetta hlutverk, hvaða leiðir komi til greina, auk afmörkunar á útfærslum.

### **Loftgæði**

Fram kemur að ekki standi til að byggja íbúðarhús í Hveradölum og hætt hafi verið við að reisa hótél sem fyrr segir. Þá virðist samkvæmt skýrslunni stefnt að því að vakta ekki loftgæði á svæðinu í ljósi þessara breyttu forsendna og bent á rök er varða viðveru á svæðinu, sem og líkur á aðstæðum.

*Bent er á í skýrslunni að reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteins í andrúmslofti skipti starfsemi baðstaðarins ekki máli. Samkvæmt reglugerðinni sé um langtíma viðmið að ræða sem eigi ekki við gesti sem dvelji aðeins á svæðinu í nokkrar klukkustundir á ári. Með því að beita slíkum mörkum á skammtíma gesti sé verið að ofmeta mengunarálag verulega. Það sjáist best á því að til þess að fara yfir heilsuverndarmörk þurfi meðalstyrkur  $H_2S$  að vera yfir hámarki í fjóra sólarhringa. Nær útilokað sé að nokkur gestur svæðisins muni dvelja svo lengi á svæðinu til að slíkt geti gerst.*

Í þessu samhengi bendir Vedurstofan á að auk gesta sem dveljast stutta stund á svæðinu ber jafnframt að tryggja ásættanleg loftgæði fyrir þá starfsmenn sem vinna að jafnaði á svæðinu með viðeigandi lagaramma og eftirliti.

*Í skýrslunni segir að í ljósi þess að styrkur  $H_2S$  við loftgæðamælistöðina við Hellisheiðarvirkjun hafi farið lækkandi, að út frá tíðni vindátta megi ætla styrkurinn í Hveradölum vegna virkjunarinnar sé tæplega helmingur þess sem mælist við mælistöðina, og að fjallgarður sé á milli Hveradala og Hellisheiðarvirkjunar, séu líkur nánast hverfandi á því að styrkur  $H_2S$  verði of hár.*

Veðurstofan vill koma því á framfæri að þótt út frá ofangreindum þáttum séu minni líkur á að slíkar aðstæður komi upp séu baðhúsið og baðlónið staðsett í lægð. Brennisteinsvetnið er þungt, meira en tvöfalt þyngra en súrefni, og getur lokast inni í lægðum og dalverpum við ákveðnar aðstæður og veðurskilyrði. Uppstreymi er þekkt á þessu svæði og færa slíkar aðstæður mengun auðveldlega milli dala og lægða, hún sest til og hefur áhrif um nokkurn tíma. Þessar aðstæður hafa sést með skýrum hætti í vöktun Veðurstofunnar á mengandi atburðum, s.s. eldgosum. Þrátt fyrir minnkandi styrk við Hellsheiðarvirkjun er hann nokkuð hár og telur Veðurstofan að röksemdir um minni líkur vísi ekki frá þeirri aðgát sem æskilegt er að viðhafa á stað þar sem fólk dvelst til lengri eða skemmri tíma.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Ágústs Jónssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. mars 2022  
Málsnúmer: 202201-0080  
SS/IAS

## Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu um baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 28. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn til Skipulagsstofnunar um matsáætlun vegna uppbyggingar ferðapjónustu við skíðaskálann í Hveradölum þann. 4. júlí 2019. Vísað er í þá umsögn eins og við á. Breyting hefur orðið á áætlaðri framkvæmd frá því matsáætlunin var kynnt og umfang hennar minnkað. Meginviðfangsefni hennar er nú baðlón og baðhús inni í Stóradal og bílastæði og göngustígar sem munu þjónusta þá starfsemi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og þeir umhverfisþættir sem voru teknir til skoðunar og tengjast best fagsviði stofnunarinnar eru grunnvatn, jarðminjar, gróður, fuglalíf, ásýnd og landslag og náttúruvá. Náttúrufræðistofnun tekur að mestu undir niðurstöðu umhverfismatsins um áhrif á þessa umhverfisþætti en þó ekki að fullu.

Áhrif á grunnvatn eru metin óveruleg en stefnt er að affalsvatn frá baðlóni verði niðurdælt líkt og öðru affalsvatni frá Hellisheiðarvirkjun. Fram kemur á bls. 26 að „ekki hafi komið fram afgerandi vísbendingar um að affalsvatn Hellisheiðarvirkjunar sé að valda rýrnum á gæðum grunnvatns á svæðinu“. Orðalagið bendir til þess að einhverjar vísbendingar hafi þó komið fram og mætti eyða óvissu um slíkt með nákvæmari umfjöllun um niðurstöður vatnsýna úr eftirlitsholum. Minni hætta virðist þó vera af affallsvatni frá baðlóni þar sem það er kaldara og þyngra og ólíklegra að það blandist grunnvatni þar sem því er dælt vel niður fyrir grunnvatnskerfið.

Áhrif á jarðminjar eru metin óveruleg þar sem ekki er um verndaðar jarðminjar frá nútíma að ræða. Náttúrufræðistofnun telur um fullmikla einföldun á mati á verndargildi jarðminja svæðisins. Eins og fram kemur í kafla 8.3 um jarðminjar er Stóradalur sprengigígur sem er lítt raskaður og þar er móbergstúff og bólstraberg frá jökulskeiði. Móbergsmýndanir eru með hátt verndargildi á heimsvísu, þó þær séu algengar á Íslandi og falli ekki undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Þá eru sprengigígar af þessum toga áhugaverðir og líklega ekki mjög algengir. Þeir hafa einnig gildi vegna ásýndar og landslags. Verndargildi sprengigígsins í Stóradal hefur ekki verið metið sérstaklega eða t.d. borið saman við verndargildi svipaðra gíga annars staðar. Ljóst er að framkvæmdin mun breyta heildarásýnd gígsins og raska a.m.k. botni hans. Náttúrufræðistofnun telur því að áhrif á jarðminjar ættu frekar að vera metin sem nokkuð neikvæð frekar en óveruleg.

Hverasvæðið austan við skíðaskálann í Hveradölum er utan framkvæmdasvæðis en reikna má með aukinni ásókn ferðamanna þegar baðlónið tekur til starfa og mikilvægt er því að tryggja



að verndargildi hverasvæðisins rýrni ekki með nauðsynlegum verndaraðgerðum og innviðauppbyggingu.

Í umfjöllun um losun baðvatns kemur fram að ekki hafi verið ákveðið hvort losun í niðurdælingarholur muni krefjast nýrra borhola eða ekki. Þessi óvissa er ekki talin auka umhverfisáhrif virkjunarinnar þar sem hún verður innan svæða sem ON dælir nú þegar í skilju- og þéttivatni frá Hellisheiðarvirkjun. Náttúrufræðistofnun telur þó að koma þurfi fram að sá möguleiki hljóti að auka líkur á raski þar sem athafnasvæði ON er m.a. innan um hraun sem nýtur sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu umhverfismats fyrir áhrif á gróður sem eru metin nokkuð neikvæð. Jákvætt er að nýta eigi gróðurþekju sem raskast við endurheimt á athafnasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Varast skal að dreifa framandi ágengum tegundum eins og alaskalúpínu um svæðið við tilflutning á gróðri.

Ámælisvert er að mati Náttúrufræðistofnunar að ekki hafi verið gerð könnun á fuglalífi svæðisins á varptíma. Umfjöllun um mögulegar tegundir á svæðinu er miðuð út frá einkennandi vistgerðum og athugunum síðsumars þegar varpfuglar voru farnir. Þær fuglategundir sem nefndar eru í skýrslunni eru vissulega líklegar til að finnast á svæðinu en fleiri koma til greina. Til dæmis hefði mátt kanna hvort fálki, smyrill eða hrafn eigi varpstæði í nágrenninu. Áhrif á fuglalíf snýst ekki einungis um rask á búsvæðum. Truflun vegna starfsemi baðlónsins og aukinnar umferðar getur haft áhrif á varp fugla utan við sjálft framkvæmdasvæðið. Niðurstaðan um að áhrif á fuglalíf séu óveruleg er því ekki sérstaklega áreiðanleg að mati Náttúrufræðistofnunar þar sem skortur er á gögnum.

Í umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd segir á bls. 48 að þar sem „engar gönguleiðir eða annars konar útivist er á Reykjafelli og í nágrenni Stóradals“ þá sé „verðmæti landslags á svæðinu takmarkað...“. Náttúrufræðistofnun er ósammála þessu og bendir á að ekki þurfi þekktar gönguleiðir til að svæði geti hentað til útivistar og þar með til að upplifa og njóta landslags. Þá felst gildi fyrir landslag í jarðfræðikennileitum eins og sprengigígnum í Stóradal sem fjallað var um hér að framan. Miðað við ásýndarmyndir er þó líklegt að áhrifin af framkvæmdinni á landslag svæðisins verði ekki sérstaklega umfangsmikil, sérstaklega ekki frá Suðurlandsvegi séð. Ljóst er að útsýni úr hlíðum og af toppi Reykjafells mun verða fyrir áhrifum þar sem fleiri mannvirki bætast við. Góð hönnun skiptir hér miklu máli til að milda ásýndaráhrif. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins um að áhrifin verði nokkuð neikvæð á landslag og ásýnd.

Varðandi áhrif á náttúruvá vill Náttúrufræðistofnun benda á að það sé alltaf möguleiki á stórum jarðskjálfta af náttúrulegum orsökum á svæðinu og þá gæti verið hætta á grjóthruni. Taka þarf tillit til þess möguleika í ofanflóðamati.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar





Reykjavík, 14.03.2022  
/Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**Efni: Umsögn OR samstæðunnar um umhverfismatsskýrslu - Mountain Lagoon í Hveradölum**

Hér að neðan er sameiginleg umsögn Orkuveitu Reykjavíkur (OR), Orku náttúrunnar (ON) og Veitna, hér eftir OR samstæðunnar, um fyrirhugaða framkvæmd Hveradala ehf. um baðlón, Mountain Lagoon í Hveradölum. Tekið skal fram að OR og ON höfðu aðkomu að gerð umhverfismatsskýrslunnar og lögðu fram efni og skrif í samstarfi við Hveradali ehf. og Verkís í köflum sem snúa að tengingum við Helliheiðarvirkjun, vatnsöflun, losun á baðvatni og áhrifum losunar á bæði grunnvatn og jarðskjálftahættu vegna hennar. Umsögn þessi tekur mið af því.

**Kafli 1. Inngangur - Samningur Orku náttúrunnar og Hveradala**

*Fyrir liggur samningur um kaup á skiljuvatni sem dagsettur er 06.01.2015. Í samningi kemur fram að kaupandi þurfi að tryggja að förgun vatnsins sé með þeim hætti að vinnslusvæði seljanda hljóti ekki skaða af. Orka náttúrunnar og Hveradalir ehf. vinna saman að útfærslu.*

Í gildi er lóðarleigusamningur dagsettur 14.11.2014 við Heklubyggð Hekla Travel ehf. og samþykki á framsali þeim samningi til Hveradala ehf. dagsett 26.02.2015. Samningi Heklubyggðar Hekla Travel ehf. við Orku náttúrunnar um kaup á skiljuvatni dags 06.01.2015 hefur verið sagt upp og unnið að nýju samkomulagi sem gerir ráð fyrir því magni sem þarf í baðlónið auk breytinga um að ON muni leggja Hveradölum ehf. til skiljuvatn fyrir baðlón og taka við því aftur úr lóninu til niðurdælingar.

**Kafli 8.1. Grunnvatn.**

*Í kafla 4.1.6 er gerð grein fyrir meðhöndlun skólps og er fjallað um hana með eftirfarandi hætti: „Fráveita verður með þriggja þrepa hreinsun í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólþ. Þar er m.a. kveðið á um að skólþ skuli hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða. Um er að ræða tveggja þrepa skólþhreinsistöð með lífrænni hreinsun og viðbótargeislun“.*

OR samstæðan bendir á að gera þarf ítarlegar grein fyrir því hvernig losun fráveitu er háttáð og möguleg áhrif þeirrar losunar á grunnvatn, en ekkert er fjallað um hugsanleg áhrif fráveitu á grunnvatn í umhverfisskýrslu. OR samstæðan ítrekar mikilvægi þess að fráveitumál á þessu viðkvæma svæði verði í góðum farvegi og taki mið af staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar á viðkvæmum vatnssvæðum. Frá Henglinum rennur

grunnvatn til allra átta sem nýtt er til vatnstöku í öllum nálægum sveitarfélögum. Þá skal þess getið að þarna eru meðal annars neyðarvatnsbirgðir höfuðborgarsvæðisins sem Veitur reiða sig á, ef upp koma atburðir er gera það að verkum að ekki verði mögulegt að taka vatn í Heiðmörk.

### **Kafla 8.2. Loftgæði**

*Í kaflanum er gerð ítarleg grein fyrir losun H<sub>2</sub>S frá Hellisheiðarvirkjun og hugsanleg áhrif þess á gesti og starfsfólk baðlóns.*

Hér skal það nefnt að stefnt er að byggingu nýrrar hreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun sem mun hreinsa nær allt H<sub>2</sub>S úr vinnslurás virkjunarinnar og því dælt niður í niðurdælingarholur. Núverandi hreinsistöð verður áfram starfrækt, m.a. sem varastöð vegna bilana eða viðhalds í nýrri stöð. Því má ætla að styrkur H<sub>2</sub>S í andrúmslofti vegna starfsemi Hellisheiðarvirkjunar verði nær enginn í venjulegum rekstri eftir að ný hreinsistöð verður gangsett í 2024/2025 gangi áætlanir eftir.

OR samstæðan bendir á að í umhverfisskýrslu er ekki lagt mat á losun H<sub>2</sub>S úr baðvatninu sjálfu, en samkvæmt lauslegu mati ON á losun H<sub>2</sub>S úr baðlóninu má gera ráð fyrir hún sé töluverð yfir árið. Framkvæmdaraðili þarf að meta þessa losun og setja hana í samhengi við viðmiðunarmörk reglugerða 514/2010, um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

### **Kafla 8.3. Jarðminjar.**

*Í umfjöllun um jarðminjar er gerð grein fyrir jarðmyndunum í Stóradal og er það niðurstaða umhverfismats að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg þar sem dalurinn og jarðmyndanir hans eru ekki myndaðar á nútíma og verndargildi því óverulegt. Umhverfisviðmið sem notuð eru í umhverfismati eru Náttúruverndarlög nr. 60/2013, Náttúruminjasrá og Hverfisvernd í aðalskipulagi sveitarfélaga. Í kafla 3.5 í matsskýrslu er gerð grein fyrir vernd á svæðinu þar sem fram kemur að deiliskipulag Hellisheiðarvirkjunar nái yfir hluta þess svæðis sem uppbygging Hveradala ehf. er fyrirhuguð á. Í því er skilgreint hverfisverndarsvæði sem nær til Stóra Reykjafells (Hveradalir þar með) vegna tveggja sprengigíga; Dauðadalur norðanvert og Hveradalir sunnanvert (einnig nefndur Stóridalur). Hverfisverndar er ekki getið í endurskoðuðu aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036.*

OR samstæðan bendir á eins og fram kemur í kafla 3.5 í matsskýrslu að umrætt svæði fellur undir hverfisvernd í deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar sem tók gildi 24.06.2004. Í matsskýrslu kemur fram að hverfisverndar sé ekki getið í endurskoðuðu aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 og að verndargildi jarðmyndana í Stóradal sé óverulegt. Í þessu samhengi bendir OR samstæðan einkum á tvennt sem hún telur að skipti máli við mat á jarðmyndunum í Stóradal, en ekki er tekið tillit til í matsskýrslu:

- 1) Í gr. 5.3.2.17 um verndun svæða og einstakra mannvirkja í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er fjallað um hverfisvernd í deiliskipulagi með eftirfarandi hætti:  
*„[...]Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.“*

OR samstæðan bendir á að skilgreind hverfisvernd í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus er ekki forsenda þess að ákvæði séu um hverfisvernd í deiliskipulagi, líkt og finna má í deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar. Fyrir því er skýr heimild í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

- 2) Ástæðu ofangreindrar hverfisverndar í deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar má rekja aftur til umhverfismats sem unnið var fyrir Hellisheiðarvirkjun. Í greinargerð ÍSOR um jarðfræðilegar aðstæður á virkjanasvæðinu er bent á jarðmyndanir sem hafa verndargildi og var stuðst við þá sérfræðiskýrslu við afmörkun svæða fyrir Hverfisvernd. Með öðrum orðum, er það niðurstaða sérfræðinga ÍSOR að jarðmyndanir í Stóradal hafi ótvírætt verndargildi. Í greinarferð deiliskipulags Hellisheiðarvirkjunar er fjallað um ofangreint svæði með eftirfarandi hætti:

*„HV-4: Allt Stóra Reykjafell en í fjallinu eru m.a. tveir stórir sprengigíggar; Dauðadalur norðan í Reykjafelli og Hveradalir sunnar í fjallinu. Báðir gígarnir eru nánast óspilltir, Dauðadalur má heita ósnertur.*

*Á þessum svæðum eru náttúruminjar sem eru eftirtektarverðar og vert er að vekja sérstaka athygli á og áhersla er lögð á að halda þeim öröskuðum. Engin mannvirki má reisa innan þessara svæða án samþykkis Sveitarfélagsins Ölfuss.“*

Afstaða OR samstæðunnar til hverfisverndar HV-4 er óbreytt frá því sem fram kemur í deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar og hefur OR samstæðan allt frá því framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun hófust lagt áherslu á að raska ekki ofangreindum jarðmyndunum, enda um eftirtektarverðar náttúruminjar að ræða, líkt og reifað er í sérfræðiskýrslu ÍSOR.

Virðingarfyllt,

Hólmfríður Sigurðardóttir  
Umhverfisstýra Orkuveitu Reykjavíkur

Heiða Aðalsteinsdóttir  
Sérfræðingur í skipulagsmálum, OR



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun**  
**Jón Ágúst Jónsson**  
**Borgartúni 7b**  
**105 Reykjavík**

[jonagust@skipulag.is](mailto:jonagust@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Selfossi, 10. mars 2022  
1906115HS SG

### **Efni: Mountain lagoon í Hveradölum - umsögn um framkvæmd**

Þann 28. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar framkvæmdar við byggingu baðhúss og baðlóns í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða aukningu í ferðaþjónustu í Hveradölum fyrir ferðamenn og íbúa með uppbyggingu allt að 4.000 m<sup>2</sup> baðhúss á tveimur hæðum og allt að 6.000 m<sup>2</sup> baðlóns. Baðlónið byggist á nýtingu skiljuvatns frá jarðhitavirkjuninni Hellisheiðarvirkjun sem ON Power rekur. Jafnframt verða útbúin bílastæði fyrir allt að 300 fólksbílum og 10 rútur. Lóð Skíðaskálans í Hveradölum hefur verið skipt í tvennt, annars vegar er lóð skíðaskálans 22,7 ha sem er ekki til umfjöllunar hér en hins vegar lóð í Stóradal 23,6 ha að stærð fyrir umrætt baðlón og baðhús sem er hér til umfjöllunar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og hefur tekið til skoðunar umhverfisþætti sem snúa að grunnvatni, loftgæðum og fyrirhugaðri þjónustu við ferðamenn. Í fyrri umsögnum um uppbyggingu í Stóradal hafði embættið ákveðnar efasemdir en telur að bæði hafi forsendur breyst og að jafnframt hafi verið brugðist við þeim atriðum sem um ræddi. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir engar athugasemdir við framkvæmdina. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sé engu að síður rétt til ábendinga og athugasemda á síðari stigum ef tilefni er til.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir baðstaði í náttúrunni skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, reglugerð nr. 814/210 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð

SG



nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð um fráveitur og skólp o.fl. reglugerðum, og samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli þar sem það á við. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 8. mars 2022  
MÍ202203-0019/ 6.07 / K.M.

## Efni: Baðhús og baðlón í Hveradölum.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 28. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Hveradalir ehf. áforma að reisa baðlón með viðeigandi þjónustu og innviðum í Stóradal, Hveradölum á Hellisheiði.

Í frummatsskýrslu segir að frá því að Skipulagsstofnun féllst á matsáætlun Hveradala ehf árið 2019 hafi verið ákveðið að draga úr umfangi framkvæmdarinnar. Nú er gert ráð fyrir að byggja baðhús, baðlón og bílastæði í botni Stóradals. Baðlónið verður allt að 6.000 m<sup>2</sup> og baðhúsið allt að 4.000 m<sup>2</sup>. Bílastæði verða fyrir allt að 300 fólksbíla og 10 rútur. Milli mannvirkjanna verða aðkomuvegir og upphitaðir göngustígar.

Í frummatsskýrslu kemur fram að skiljuvatn frá Hellisheiðarvirkjun verður notað í baðlónið. Baðvatni verður skilað sömu leið aftur til virkjunarinnar þar sem því verður dælt niður í jarðhitakerfið. Vatnslagnirnar verða niðurgrafnar og munu fylgja núverandi niðurrennsislögnum sem eru niðurgrafnar meðfram þjóðveginum. Aðrar lagnir (neysluvatn og rafmagn) verða grafnar niður samsíða vegum og göngustígum. Neysluvatn kemur úr nýrri borholu í austurhlíðum Reykjafells. Skólphreinsistöð verður staðsett á röskuðu svæði.

Fjallað er um menningarminjar í kafla 8.6 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram skoðaði minjavörður Suðurlands, starfsmaður Minjastofnunar Íslands, svæðið á sínum tíma í tengslum við deiliskipulagsvinnu þess. Minjar fundust á tveimur stöðum innan skipulagssvæðisins, inni í Stóradal og suðaustan við Skíðaskálann. Minjarnar suðaustan við Skíðaskálann eru utan við framkvæmdasvæðið sem hér er til umfjöllunar. Heimildir greindu frá því að tóftin í Stóradal

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*


væri leifar hundakofa. Minjavörður Suðurlands fór fram á að tóftin yrði rannsökuð ef raska ætti henni vegna framkvæmda á svæðinu. Tilgangur rannsóknarinnar var annars vegar að kanna hlutverk rústarinnar og hins vegar að reyna að komast að aldir hennar.

Dagana 12. – 19. sept. 2016 grófu starfsmenn Fornleifafræðistofnunnar þrjú könnunarskurði í tóftina. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í skýrslu, *Hveradalir. Rúst í Hveradölum, Ölfus í Árnassýslu*. Tóftin skiptist í þrjú hólf og var einn skurður grafinn í hvert þeirra. Niðurstaða rannsóknarinnar var að þarna hafi verið reistur braggi í seinni heimstyrjöldinni. Þrjú rými voru í bragganum, vistarvera, kyndiklefi og geymsla. Talið er líklegt að hundahúsið sem áður var talað um hafi verið reist ofan í braggarústina en engin merki fundust um það.

Minjarnar sem minjavörður Suðurlands vakti athygli á að væru inni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafa verið rannsakaðar. Í ljós kom að um er að ræða leifar bragga úr seinni heimstyrjöldinni. Mínjarnar teljast ekki til fornleifa skv. lögum um menningarminjar. Í 3. gr. laganna segir að til fornleifa teljist hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Minjastofnun Íslands telur rannsókn Fornleifafræðistofnunnar á minjunum fullnægjandi og að ekki sé þörf á frekari rannsóknum innan svæðisins. Stofnunin gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Jón Ágúst Jónsson ([jonagust@skipulag.is](mailto:jonagust@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Jón Ágúst Jónsson  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
[Jon.A.Jonsson@skipulag.is](mailto:Jon.A.Jonsson@skipulag.is)



## Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu um baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Vegagerðin hefur yfirfarið umhverfismatsskýrslu um baðhús og baðlón í Hveradölum, Sveitarfélaginu Ölfusi, sem unnin er af Verkís verkfræðistofu dags 2021.12.2021 (ath. dags á umhverfismatsskýrslu).

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir um breytingar á landnotkun og telur þær ekki háðar leyfum frá Vegagerðinni enda er ekki um að ræða nýjar vegtengingar við þjóðveg.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir fyrirhugaði framkvæmd.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar


Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Síða 1/1

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin](https://www.facebook.com/vegagerdin)  
[@vegagerdin.is](https://www.instagram.com/vegagerdin)

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, fimmtudagur, 16. febrúar 2022  
UST202201-304/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hveradalir - baðhús og baðlón. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Ráðgert er að gera allt að 6.000 m<sup>2</sup> baðlón ásamt allt að 4.000 m<sup>2</sup> baðhúsi í Stóradal sem er á svæði sem kallast Hveradalir. Orka náttúrinnar mun leggja baðlóninu til jarðhitavatn og einnig sjá um förgun þess með niðurdælingu ásamt skilju- og þéttivatni virkjunarinnar.

Eins og framkvæmdinni er lýst og förgun jarðhitavatns verður með þeim hætti sem gert er ráð fyrir telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sem slík muni ekki hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Jákvætt er að nýta jarðhita eins vel og kostur er. Framkvæmdin verður á svæði þar sem sjá má ýmis ummerki um aðra starfsemi. Helstu neikvæðu áhrif á náttúrufar verður á gróður en vistgerðina Língresis- og vingulsvist sem hefur hátt verndargildi er að finna í Stóradal en einungis á mjög litlu svæði. Annars er framkvæmdarsvæðið að mestu gamalt tún. Ef unnt er ætti að forðast að raska gróðri með hátt verndargildi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að haga mannvirkjagerð þannig að sjónræn áhrif verða fremur lítil þar sem gert er ráð fyrir að fella mannvirki að landi og uppgræðslu með staðargróðri.

Umhverfisstofnun hefur í fyrri umsögnum um þessa framkvæmd haft áhyggjur af loftgæðum vegna útblástur brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun. Fram kemur í greinargerðinni að sett verði upp loftmælistöð við lónið til að mæla styrk brennisteinsvetnis og að náíð samstarf verði haft við ON um stöðu loftgæða á svæðinu. Við Hellisheiðarvirkjun er stefnt að því að dæla niður um 95% af brennisteinsvetni sem virkjunin losar ekki síðar en 2025. Þannig mun losun brennisteinsvetnis frá virkjuninni minnka verulega og með tilkomu loftmælistöðvar við baðlónið ætti að vera tryggt að gestir og starfsfólk geti verið öruggt í heilnæmu umhverfi í Stóradal.

Umhverfisstofnun vill gera eftirfarandi athugasemd við umfjöllun um loftgæði í skýrslunni:


Skilja má umfjöllun í kafla 8.2 um loftgæði á þann veg að skýrsluhöfndar telji að reglugerð 514/2010 gildi einungis í íbúðabyggð en í umfjöllum er t.d. talað hversu oft má fara yfir mörk reglugerðar í **íbúðabyggð**.

Í 2.gr. reglugerðarinnar kemur hins vegar skýrt fram hvar reglugerðin gildir og hvar ekki. Þar stendur; „Reglugerðin gildir ekki á svæðum sem skilgreind eru sem iðnaðarsvæði samkvæmt gildandi skipulagi.“ Fyrirhugað baðlón er utan skilgreinds iðnaðarsvæðis og því gildir reglugerðin þar.

Umhverfisstofnun telur að þar sem affallsvatni verður komið í lokaða hringrás og dælt niður við Helligheiðarvirkjun og bættum loftgæðum í Hveradölum sem og eftirliti framkvæmdaaðila með loftgæðum á svæðinu sé málum nú þannig háttað að ekki er ástæða til að ætla að rekstur baðlónsins hafi neikvæð áhrif á umhverfið og að það fólk sem heimsækir staðinn geti verið öruggt um að vera í heilsusamlegu umhverfi hvað loftgæði varðar.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
Teymisstjóri